

130 15. ágúst. Ingi beiðzt úrskurðar ráðgjafans um það, hvort samkvæmt lögum 11. febr. 1876 beri að tolla tóbak í pappírsvindlum (eigaretter), er flytjast til Íslands, svo sem vindla eða sem tóbak.

Af þessu tilefni skal þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtningar, að jeg álit það rjettast að tolla pappírsvindla, eins og við gengst hjer í konungsríkinu, sem annað reyktóbak.

Reikningar

Ágrip af reikningum sjóða nokkurra, sem eru undir stjórn amtsráðanna í suðuramtinu og vesturamtinu, árið 1877.

I.

131

Jafnaðarsjóður suðuramtsins.

| | Tekjur. | Kr. A. |
|---|----------------|-----------------|
| 1. Eptirstöðvar við árslok 1876: | | |
| a. Í skyndilánnum | 2664 kr. 18 a. | |
| b. Í peningum | 1793 — 30 - | 4457 48 |
| 2. Niðurjöfnun á lausafje í amtinu: | | |
| a. Í Skaptafellssýslu | 1596 — 19 - | |
| b. - Rangárvallasýslu | 1605 — 50 - | |
| c. - Vestmanneyjasýslu | 60 — 61 - | |
| d. - Árnessýslu | 1985 — 31 - | |
| e. - Gullbringu- og Kjósarsýslu | 580 — 83 - | |
| f. - Borgarfjarðarsýslu | 625 — 67 - | 6454 11 |
| | Tekjur samtals | <u>10911 59</u> |
| | Gjöld. | Kr. A. |
| 1. Til sakamála, lögreglumála, gjafsóknarmála og fl. | | 341 81 |
| 2. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna | | 281 35 |
| 3. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja | | 2242 » |
| 4. Til sáttamálefna | | 40 13 |
| 5. Endurgjald af lánnum: | | |
| a. Lán vegna fjárkláðans | 1000 kr. » a. | |
| b. Lán í tilefni af fangelsisbyggingum | 762 — 22 - | 1762 22 |
| 6. Kostnaður við amtsráðið | | 61 27 |
| 7. Til varðkostnaðarins með Ölfusá, Hvítá og Brúará, 1875 | | 1563 16 |
| 8. Ýmisleg útgjöld | | 488 90 |
| 9. Eptirstöðvar: | | |
| a. Í skyndilánnum | 2681 — 81 - | |
| b. Útistandandi hjá einum sýslumanni | 26 — 79 - | |
| c. Í peningum | 1422 — 16 - | 4130 75 |
| | Gjöld samtals | <u>10911 59</u> |